

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið

Reykjavík, 3. desember, 2009

Ágæti ráðherra,

Þann 3. nóvember sl. fór fram annar fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Tvö meginmál voru á dagskrá fundarins, umfjöllun um störf frjálsra félagasamtaka á Íslandi á sviði þróunarsamvinnu og neyðaraðstoðar og umfjöllun um áhrif niðurskurðar í ríkisútgjöldum á þróunarsamvinnu Íslands.

Starfandi er svokallaður samstarfshópur íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, hefur verið í fyrirsvari fyrir hópinn síðastliðna 12 mánuði og sá hann um kynningu á störfum samtakanna. Samstarfshópurinn var stofnaður árið 2006 og eru í honum átta samtök: ABC barnahjálp, Barnaheill, Hjálparstarf kirkjunnar, Kristniboðssambandið, Landsnefnd UNIFEM, Landsnefnd UNICEF, Rauði kross Íslands og SOS barnaþorpin. Önnur samtök geta óskað eftir aðild að samstarfshópnum. Markmið hópsins er að styrkja stöðu mannúðarsamtaka á Íslandi í samskiptum við opinbera aðila, að efla samtökin í þróunarsamvinnu og alþjóðlegu hjálparstarfi og að vekja athygli á starfi þeirra. Þá er hópurinn vettvangur til að skiptast á upplýsingum um verkefni og fjáröflun, og til að miðla reynslu og þekkingu um þróunar- og hjálparstarf.

Ragnar kynnti einnig samtökin hvert fyrir sig og fram kom að á tímabilinu 2006 til 2008 runnu samtals rúmir þrjú milljarðar króna til aðstoðar í þróunarlöndum á þeirra vegum. Bersýnilega kom í ljós að íslensk samtök leggja sig fram um að aðstoð þeirra berist fólki í allra fátækustu ríkjum heims og sérstaklega þeim sem minnst mega sín.

Í umræðum kom fram stuðningur fulltrúa samstarfsráðsins við fórnfúst starf félagasamtakanna. Þau eru ráðuneytinu og ÞSSÍ afar mikilvæg og samstarfið hefur eflst með tilkomu samstarfshópsins og auknu samráði undangengin ár. Þá hefur tilkoma samstarfsráðsins, þar sem fimm fulltrúar félagasamtaka eiga sæti, skapað grundvöll fyrir þátttöku þeirra í umfjöllun um stefnu stjórnvalda í þróunarsamvinnu.

Fram kom að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand finna samtökin mikinn stuðning við störf sín og ríkan vilja fólks til að láta gott af sér leiða. Dæmi eru um verulega fjölgun styrktaraðila hjá einstaka samtökum. Þau samtök sem starfa bæði innan og utanlands verða þó vör að margir kjósa frekar að styrkja innanlandsstarfið í ljósi aðstæðna, þótt ekki sé það algilt. Veik króna kemur illa við fjárhag samtakanna og hafa sum þeirra átt erfitt með með að standa við skuldbindingar erlendis.

Samtökin lýstu ánægju með aukið samstarf við utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ. Innan tíðar lýkur vinnu við að samhæfa reglur og verklag vegna samstarfsins, bæði á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Bent var á að fyrirkomulag mætti ekki verða of þungt í vöfum, til dæmis vegna krafna um skýrslugjöf. Ég tek undir það og vænti þess að ný skipan mála auki skilvirkni og liðki samstarfið. Þó

verða samtökin að búa við aðhald líkt og aðrir sem njóta opinbers stuðnings í þróunarstarfi.

Umfang samstarfs félagasamtaka og hins opinbera er nokkuð misjafnt milli landa. Í Finnlandi rennur um 11% af opinberu þróunarfé til samstarfs við félagasamtök. Í Svíþjóð er hlutfallið 8% og í Danmörku 7%. Á Íslandi hafa framlögin verið á bilinu 3 – 6%. Sé eingöngu horft á tvíhliða þróunarsamvinnu rennur 25% af aðstoð Svía til félagasamtaka, 30% af aðstoð Norðmanna og 11% af aðstoð Breta.

Félagasamtökin lögðu áherslu á tvö atriði sem bætt geti starfsumhverfi þeirra. Hið fyrra er, að samtökin miðla fjármunum ríkisins til mannúðar- og þróunaraðstoðar, en greiða samtímis virðisaukaskatt og erfðafjár- og fjármagnstekjuskatt. Fram komu áhyggjur um að aukin skattheimta muni bitna á þeim. Hið síðara er, að samtökin telja brýnt að framlög til þeirra séu betur tilgreind í fjárlögum. Gerð var tillaga um að bætt verði í fjárlög sérstökum fjárlagalið vegna þróunarverkefna félagasamtaka. Tillagan hlaut almennan stuðning ráðsins og er henni hér með komið á framfæri.

Seinni dagskrárliður fundarins var um áhrif niðurskurðar í ríkisútgjöldum á þróunarsamvinnu Íslands. Hermann Ingólfsson fjallaði um þróun framlaga á síðustu árum og áhrif niðurskurðar á marghliða samstarf, neyðar- og mannúðaraðstoð og friðargæslustörf. Sighvatur Björgvinsson fjallaði um áhrif niðurskurðar á ÞSSÍ. Ljóst er af máli beggja að framundan eru erfiðir tímar þar sem framlög til alþjóðastofnana munu lækka mikið, tvíhliða samstarfi á vegum ÞSSÍ verður skorinn þröngur stakkur og mikil fækkun verður í hópi útsendra sérfræðinga á vegum friðargæslunnar.

Fulltrúar í samstarfsráðinu lýstu áhyggjum af miklum niðurskurði. Fram kom að lækkun í krónum talið mun þýða að framlögin verða hærrí en á árinu 2007, en séu þau umreiknuð í Bandaríkjadali á föstu verðlagi munu þau lækka til jafns við það sem var á árinu 2003. Í þessu ljósi verði að íhuga vandlega hve langt sé hægt að ganga í niðurskurði áður en orðspor Íslands í alþjóðaðróunarstarfi skaðist. Bent var á að mikill metnaður er í þróunarsamvinnu í hópi Norðurlanda og innan Evrópusambandsins. Í þrengingum sínum megi Íslendingar ekki falla í þá gryfju að gleyma þeim sem minnst mega sín. Rætt var hve mikilvægt sé að félagasamtök og þeir sem um þróunarmál fjalla láti meira að sér kveða í þjóðfélagsumræðunni. Það sjónarmið kom einnig fram að hlutverk ráðsins væri m.a. að gera stjórnmalá mönnum grein fyrir því hversu alvarleg staðan er og að framlag Íslands sé sett í viðeigandi samhengi.

Fram kom ánægja með að í fjárlagafrumvarpi næsta árs sé málefnum barna og kvenna hlífð eins og kostur er á fjárlagaliðum UNICEF og UNIFEM. Jafnframt var þó bent á að auðvelt gæti verið að afla fjár til verkefna sem tengjast börnum í samanburði við önnur, ekki síður brýn verkefni. Það legði þá skyldu á stjórnvöld að huga að verkefnum sem síður höfðu til almennings. Áhersla var lögð á mikilvægi rannsókna og fræðimennsku á sviði þróunarmála í samstarfi við háskólasamfélagið.

Niðurskurður hjá ÞSSÍ hefur leitt til þess að samstarfslöndum fækkar úr sex í þrjú og starfsmönnum hennar á vettvangi fækkar mikið. Fram komu áhyggjur af því, að þetta gæti þýtt að mannauður glatist. Þeirri spurningu var varpað fram hvort fela mætti ÞSSÍ önnur verkefni til að nýta dýrmæta reynslu starfsfólksins.

Þá kom fram að vegna fjárskorts hafi undirbúningi nýrra verkefna verið hætt hjá stofnuninni. Áriðandi er að ekki leiki vafi á því samdrátturinn er einungis tímabundið bakslag og að Ísland ætli sér að verða framarlega í flokki þeirra ríkja sem leggja þróunarlöndum lið. Von mín er að með þróunarsamvinnuáætlun, sem lögð verður fram á komandi mánuðum, verði skapaður sá grundvöllur. Gagnvart ÞSSÍ þarf að liggja ljóst fyrir að stofnunin muni áfram starfa með því sniði sem nú er og að starf


hennar verði skipulagt með þeim hætti að verkefni sem framkvæmd verða á árunum 2011 og 2012 séu undirbúin með viðeigandi hætti.

Hermann Ingólfsson upplýsti að vinnu við þróunarsamvinnuáætlun hafi verið frestað til að hægt verði að taka tillit til hugsanlegra ákvarðana loftslagsráðstefnu SP í Kaupmannahöfn í desember. Reikna ég með að á næsta formlega fundi ráðsins verði drög að áætluninni til umfjöllunar.

Á fundinum var lögð fram reglugerð um framkvæmd þróunarsamvinnu Íslands sem undirrituð var af utanríkisráðherra þann 23. október sl.

Að lokum vil ég nefna að þann 17. ágúst sl. átti samstarfsráðið óformlegan kynningarfund þar sem tveir sérfræðingar, Bjarney Friðriksdóttir og Lilja Dóra Kolbeinsdóttir, sögðu frá störfum á vettvangi, annars vegar á vegum friðargæslunnar hjá Flóttamannahjálpi SP og UNIFEM og hins vegar fyrir ÞSSÍ í Malaví. Góður rómur var gerður af kynningum þeirra og voru umræður bæði fróðlegar og gagnlegar. Ætlun mín í framtíðinni er að bjóða ráðinu til slíkra umræðufunda þegar tækifæri gefast og góðir gestir með reynslu og þekkingu á málaflokknum fást til þátttöku.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit: Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu